



Íslenska

Kennari: Hjördís Rut Jónsdóttir

Almennt um kennsluna: Samkv. Stundaskrá eru 6 kennslustundir á viku tileinkaðar íslensku, greinin er að auki samtvinnuð inni allar aðrar námsgreinar með ýmsum hætti. Við tileinkum okkur vandað íslenskt mál í öllum samskiptum og einblínum á, að við leik og nám séu gripin tækifæri sem bjóðast við byggja ofaná orðaforða og átta okkur á misjöfnum merkingum orða í rituðu og töluðu máli.

Samkv. aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Leitast skal eftir að tengja þessa þætti inni form kennslunnar eins og kostur er.

Námsgögn: Lestrarlandið lesbók og vinnubók 1 og 2, stafaverkefni, stafir og orð 1 og 2, íslenskunáman, við lesum A, skrift 1, markviss málörvun, sögubókin, ítarefni frá kennara, tímarit, bækur sem og náttúra okkar og umhverfi.

Við íslenskukennslu 1.bekkar er kennslunni skipt upp fjóra flokka námshæfniviðmiða sem að nýttir eru sem þræðir í gegnum kennsluna, aðferðir og námsgögn.

Hæfniviðmiðin eru flokkuð og útskýrð á eftirfarandi hátt:

Talað mál, hlustun og áhorf

Nemandi:

- Þjálfist í að beita skýrum og áheyrilegum framburði
- Þjálfist í að hlusta á upplestur af ýmsum toga
- Geti lært, leikið eða sungið texta af ýmsum gerðum
- Taki þátt í leikþætti og/eða söngatriði
- Geti sagt frá eftirminnilegum atburðum og eigin reynslu
- Geti átt góð samskipti, hlustað, tekið þátt í umræðum og sýnt kurteisi
- Efli málþroska og skýra framsögn
- Þjálfist í að koma fram og tjá sig fyrir framan bekkinn

Úr hæfniviðmiðum aðalnámskrár fyrir 1.-4. bekk veljum við 2 hæfniviðmið úr þessum flokki til að vinna með í vetur og skrá í hæfnikort á mentor.

Þau eru:

- ✓ Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.
- ✓ Horft og hlustað af athygli á fjölbreytt efni og greint frá upplifun sinni.



Lestur, lesskilningur og bókmenntir

Nemandi:

- Læri hljóð, tákn og heiti bókstafanna
- Geti tengt hljóð saman í orð
- Þekki algengar orðmyndir
- Hafi jákvætt viðhorf til lestrar
- Geti lesið orð og stuttar setningar
- Læri einfaldar vísur, ljóð og þulur og kynnist sögum og ævintýrum
- Fari reglulega á bókasafn og fái bækur lánaðar
- Kynnist hvernig bækur eru byggðar upp, t.d. forsíðu, baksíðu, efnisyfirlit, kafla og atriðisorðaskrá
-

Úr hæfniviðmiðum aðalnámskrár fyrir 1.-4. bekk veljum við 2 hæfniviðmið úr þessum flokki til að vinna með í vetur og skrá í hæfnikort á mentor.

Þau eru:

- ✓ Beit aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo flestir flæði vel og marking texta komist til skila.
- ✓ Unnið með ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.

Ritun

Nemandi:

- Þekki skriftaráttina
- Dragi rétt til stafs
- Þjálfí fín- og grófhreyfingar með fjölbreyttum verkefnum
- Haldi rétt á skriffæri
- Skrifi orð eða stuttar setningar um ákveðið efni
- Læri að búa til og nota hugarkort
- Geti búið til myndasögu
- Fái margskonar tækifæri til þess að skrifa, semja sögur eða ljóð með eða án aðstoðar

Úr hæfniviðmiðum aðalnámskrár fyrir 1.-4. bekk veljum við 1 hæfniviðmið úr þessum flokki til að vinna með í vetur og skrá í hæfnikort á mentor.

Það er:

- ✓ Dregið rétt til stafs, skrifað skýrt og læsilega á lyklaborð.



Málfræði, mál og málnotkun.

Nemandi:

- Skilji hvað rím er og geti fundið orð sem ríma
- Kynnist hugtökunum hljóð, bókstafur, atkvæði og setning
- Þekki sérhljóða og samhljóða
- Kynnist hugtökunum samheiti og andheiti

Úr hæfniviðmiðum aðalnámskrár fyrir 1.-4. bekk veljum við 1 hæfniviðmið úr þessum flokki til að vinna með í vetur og skrá í hæfnikort á mentor.

Það er:

- ✓ Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og með orðaforða og málskilningi sem hæfir aldri.

Tekið skal fram við það sem að á undan er getið er verið að horfa til viðmiða. Leitast skal við að aðlag námið við þarfir hvers og eins nemenda og leggja þeim til bjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir. Í kennslunni er leitast eftir að hver og einn nemandi fái verkefni sem að hæfir getu hans og þroska og þá horft til sértækra námsörðugleika sem og bráðgerra einstaklinga.

Við mat á námi nemenda er horft til áherslu á styrkleika og stuðning við framfarir. Einnig er símat allt skólaárið, fystu skref leiðsagnarmats og endurgjafir á ólíkum sviðum. Nemendur fá umsögn á vitnisburðarblaði tvisvar sinnum á skólaári.